



Menntaskólinn á Egilsstöðum

Skýrsla starfshóps um innra mat við Menntaskólann á Egilsstöðum 2011-2012



Rýnihópur nemenda skólaárið 2011-2012

júní 2012

Efnisyfirlit

Almennt um starfið	3
Kennarahluti	5
Matsfundur kennara	5
Könnun á viðhorfum og líðan kennara	5
Nemendahluti.....	7
Nemendakönnun í nóvember 2011.....	7
Nemendakönnun í maí 2012	8
Rýnihópur nemenda	9
Samanburður á einkunnadreifingu	11
Ytra mat á nýbreytnistarfi	12
Heilsueflandi framhaldsskóli	12
Umbætur á verkefnatímum á skólaárinu	13
Næstu verkefni	13

Almennt um starfið

Skólaárið 2011-2012 skipuðu sex kennarar starfshóp um innra mat Menntaskólans á Egilsstöðum (ME). Það eru Arnar Sigbjörnsson, Helga Jóna Jónasdóttir, Jón Ingi Sigurbjörnsson, Jóney Jónsdóttir, Sigrún Hrafnisdóttir og Tinna K. Halldórsdóttir. Jón Ingi Sigurbjörnsson var verkefnisstjóri. Á skólaárinu voru skráðir fundir fundir alls 120 klst. Tímafjöldi vegna og vinnu var 85 klst.

Á vorönn 2011 sótti ME formlega um leyfi til Mennta- og menningarmálaráðuneytis til að hefja tilraunakennslu eftir nýrri námskrá á haustönn 2011¹. Umsóknin sneri að tveimur þáttum. Annars vegar var um að ræða tilraunakennslu fimm nýrra námsbrauta, fjögurra stúdentsbrauta ásamt framhaldsskólabraut til framhaldsskólaprófs. Hins vegar stóð til að innleiða nýja náms- og kennsluhætti við skólann í formi spanna og verkefnatíma. Hverri önn yrði skipt í tvær spannar þar sem nemendur legðu að jafnaði stund á helmingi færri námsgreinar hverju sinni en verðu u.þ.b. tvöfalt meiri tíma á viku í hvert fag. Kennslustundum yrði síðan skipt í nokkuð jöfnum hlutföllum á milli bundinna kennslustunda og verkefnatíma.

Þann 19. maí 2011 veitti ráðuneytið ME leyfi til tilraunakennslu að því gefnu að tekið yrði tillit til þeirra athugasemda sem tilgreindar voru í leyfisbréfinu. Á haustönn 2011 hóf ME því tilraunakennslu eftir nýrri námskrá. Innleiddir voru nýir starfshættir sem höfðu í för með sér miklar breytingar fyrir nemendur og kennara við skólann.

Hlutverk innra mats hópsins þetta skólaárið fólst fyrst og fremst í því að meta viðhorf kennara og nemenda til spanna og verkefnatíma og áhrif breytinganna á skólastarfið. Hverjir væru kostir og gallar nýja kerfisins. Hvort það uppfyllti þau markmið sem sett voru í upphafi. Hvernig nemendur og kennarar mætu árangur sinn, líðan og starfsánægju í breyttu umhverfi. Kennurum og nemendum var auk þess gefinn kostur á að koma með tillögur til úrbóta. Þær tillögur voru teknar til skoðunar og reynt að bregðast við þeim þar sem það var unnt.

Haldinn var einn matsfundur um verkefnatíma á meðal kennara og ein viðhorfakönnun um breytta starfshætti var lögð fyrir kennarahópinum. Upphaflega stóð til² að halda fleiri matsfundi með kennarahópnum en fyrirkomulagið þótti ekki henta þegar á hólminn var komið. Til stóð að leggja hefðbundið áfangamat fyrir nemendahópinn en innra mats hópurinn taldi brýnna að kanna rækilega viðhorf nemenda til breytinganna. Tvær viðhorfakannanir voru því lagðar fyrir nemendur þar sem spurt var út í upplifun þeirra af nýja kerfinu. Komið var á fót rýnihópi nemenda sem fundaði fjórum sinnum yfir skólaárið og lýsti upplifun sinni af kerfinu. Auk þess var lögð fyrir nemendur könnun tengd verkefninu heilsueflandi framhaldsskóli sem ME er þátttakandi í. Ástæða þótti til að fram færi ytra mat á nýja námsskipulaginu og var Gerður G. Óskarsdóttir hjá Rannsóknarstofu um þróun skólastarfs fengin til þess að framkvæma slíkt mat. Í lok skólaárs bar áfangastjóri

¹ Umsókn til Menntamálaráðuneytis um tilraunakennslu námsbrauta á haustönn 2011.

² Sjá á heimasíðu skólans, www.me.is. [Áætlun innra mats](#).

einkunnadreifingu í nýja kerfinu saman við fyrri ár. Að síðustu vann innra mats hópurinn drög að vinnuáætlun fyrir næsta skólaár. Niðurstöður allra úttekta hópsins má nálgast á sameign kennara.

Kennarahluti

Matsfundur kennara

Matsfundur var haldinn með kennurum skólans þann 10. október. Fundurinn var um verkefnatíma og var framkvæmd hans þannig háttað að kennurum var skipt í tvo hópa, þeir settust í hring og ritara utan hringsins skráðu umsagnir þeirra á blað. Kennarar nefndu eitt jákvætt um verkefnatíma og gáfu tvö ráð um það sem betur mætti fara. Niðurstöður sýna að kennurum finnst jákvætt að nemendur geti lokið námi sínu á skólatíma, þetta sé góður undirbúningur fyrir háskólanám, nemendur læri sjálfstæð vinnubrögð, þurfi að sýna ábyrgð og aga. Verkefnatímarnir eru sveigjanlegir, spennandi nýjung og skapa betri skólaanda. Ráð til umbóta varðandi verkefnatíma er að raða nemendum á sína kennara, minnka hlutfall verkefnatíma, gera verkefnastofurnar meira aðlaðandi og flokka þær eftir fögum og klið þannig að nemendur geti valið sér vinnuandrámsloft. Hafa skammmarkrök fyrir þá sem ekki skila verkefnum, hafa vanskilaskrá þannig að nemendur sem ekki skila fá meiri eftirfylgni, fjölga hóparýmum og loka fyrir tölvuleiki og facebook. Ýta þarf betur á nemendur að skila og líta eftir því hvað þeir hafa fyrir stafni í verkefnatímum. Leyfa nemendum að reka sig á, hafa námskeið um skipulag, hafa fyrsta árið öðruvísi, hafa hægferðarnemendur í fleiri bundnum tímum og setja námsverið upp aftur. Niðurstöður matsfundarins voru notaðar við endurskoðun verkefnatíma.

Könnun á viðhorfum og líðan kennara

Í apríl 2012 var könnun um viðhorf og líðan lögð fyrir alla kennara og stjórnendur ME. Spurningarnar lutu aðallega að verkefnatímum og spönum og m.a. var spurt um áherslur kennarans í nýju kerfi, samþættingu, mánudagsfundi, undirbúning að hálfu skólans, þýðingu verkefnatíma og spanna fyrir nemendur, agastjórn, samskipti, starfsanda, starfsánægju, vinnuálag og streituvalda. Notast var við könnunarhugbúnað SurveyMonkey á netinu. 24 kennarar og stjórnendur svöruðu könnuninni eða 85,7%. Niðurstöður voru teknar saman og kynntar á kennarafundi. Þær eru aðgengilegar á sameign kennara.

Jákvætt er að langflestir kennarar, 96%, eru sammála því að vinnan veiti þeim gleði, þeir hafa gott vald á starfi sínu og þeim líður vel í starfsmannahópnum. 92% eru ánægð með að tilheyra starfsmannahópnum, 83% finnst starfsandinn afslappaður og þægilegur og 79% finnst hann hvetjandi og styðjandi. Þrátt fyrir þessa niðurstöðu upplifa 58% streitu vegna starfsins, 75% hafa of mikið að gera og hjá 58% er vinnuólagið svo ójafnt að verkefnin hlaðast upp. Aðeins 29% ná að ljúka vinnu dagsins á skilgreindum vinnutíma.

Í verkefnatímum líður 82% kennara vel, svipuðu hlutfalli hefur gengið vel að laga skipulag áfanga sinna að verkefnatímum, tryggja vinnufrið í þeim og telja að tímarnir auki ábyrgð nemenda. 70% telja vinnuálag hafa aukist vegna verkefnatíma, 40% þurfa að kljást við agavandamál í verkefnatímum og sama hlutfalli gengur ekki vel að virkja nemendur í þeim tímum. Óánægja er með verkefnatímum þar sem 68% eru óánægð með hlutfall þeirra, 52% með fyrirkomulagið og 57% með vinnureglurnar.

91% svarenda telur vinnuálag sitt hafa aukist vegna spanna, aðeins þriðjungur hefur gengið vel að laga skipulag áfanga sinna að spönnum, 55% telja spannir ekki auka ábyrgð nemenda og 39% eru óánægð með spannir.

Óánægja kennara birtist einnig í því að 83% eru ósátt með hvernig skólanum hefur tekist að undirbúa kennarahópinn fyrir spannir og verkefnatíma og 83% telja þörf á námskeiði til að samræma starfið nýjum starfsháttum. 41% kennara vill hverfa aftur til fyrri starfshátta.

Nemendahluti

Nemendur Menntaskólans á Egilsstöðum komu með tvennum hætti að innra mati við skólann þetta skólaárið. Annars vegar voru lagðar fyrir allan nemendahópinn tvær viðhorfakannanir, ein að hausti og önnur að vori. Hins vegar var komið á fót rýnihópi nemenda sem hittist fjórum sinnum yfir veturinn til þess að ræða reynslu sína af breyttu námsfyrirkomulagi við skólann.

Nemendakönnun í nóvember 2011

Í verkefnatímum dagana 29.-30. nóvember 2011 voru allir nemendur í dagskóla beðnir að svara viðhorfakönnun er sneri að breyttu námsfyrirkomulagi við skólann. Í könnuninni var m.a. spurt hvernig nemendum líkaði nýja námsfyrirkomulagið við skólann, hvernig þeir nýttu verkefnatímana, hvernig námsárangri og námsálagi væri háttað í nýju kerfi og hversu vel verkefnatímar og spannir hentuðu mismunandi námsgreinum. Nemendur voru að lokum beðnir að gefa starfsfólki skólans ráð sem miðuðu að því að bæta umgjörð verkefnatímanna og stuðla að betra skólastarfi. Notast var við könnunarhugbúnað SurveyMonkey á netinu og niðurstöður kynntar á kennarafundi. Hér fyrir neðan eru dregnar saman athyglisverðar niðurstöður úr könnuninni. Könnunina í heild sinni er þægilegt að skoða á sameign kennara.

Alls svöruðu 186 nemendur könnuninni eða um 72% dagskólanema. Nemendum leið almennt vel í skólanum og gekk vel í náminu. 45% nemenda við skólann líkaði nýja námsfyrirkomulagið (spannir og verkefnatímar) vel en 26% kunnu því illa. Um þriðjungur nemenda taldi þó að námsárangur sinn yrði betri í gamla kerfinu en 13% betri í nýja kerfinu. Yfir 60% nemenda töldu námsálagið hafa aukist á milli kerfa.

35% nemenda töldu spannir gott fyrirkomulag en 23% töldu þær slæmt fyrirkomulag. Yfir 60% nemenda töldu það kost að vera í fáum greinum í einu og að ljúka áföngum af á skemmri tíma. Rúmur helmingur nemenda taldi þó spannakerfið ekki til þess fallið að kafa dýpra í námsefnið.

Tæp 60% nemenda töldu verkefnatíma gott fyrirkomulag en 14% töldu þá slæmt fyrirkomulag. Yfir 60% nemenda sögðust sjaldan eða aldrei leita eftir aðstoð kennara í verkefnatímum. Yfir helmingur nemenda átti í erfiðleikum með að einbeita sér í verkefnatímum og rétt tæpur helmingur nemenda náði sjaldan eða aldrei að klára verkefni sín á skólatíma. Meirihluti nemenda taldi verkefnatímana auka sjálfstæði og ábyrgð í námi en vildi að sama skapi aukið frelsi í verkefnatímum. 58% nemenda voru sammála því að mæting í verkefnatíma ætti að vera frjáls.

Þegar námsgreinar voru bornar saman með tilliti til spanna og verkefnatíma virtust nemendur telja verkefnatímana henta síst fyrir listgreinar og íþróttir og spannirnar koma sýnu verst út fyrir tungumál, stærðfræði og raungreinar. Yfir helmingur nemenda taldi verkefnaálag mikið eða mjög mikið í tungumálum, stærðfræði og íslensku.

Í svörum nemenda við opnum spurningum varðandi umgjörð í verkefnastofum, spannar og verkefnatíma mátti greina nokkrar megináherslur. Nemendur vildu almennt gera verkefnastofurnar meira aðlaðandi og auka vinnufrið. Þeir vildu fá að fara úr verkefnatímum teldu þeir sig hafa lokið við fyrirbyggjandi verkefni. Þá töldu þó nokkrir álagið of mikið í spannakerfinu á meðan aðrir lýstu yfir mikilli ánægju með að vera í færri fögum í senn.

Nemendakönnun í maí 2012

Í verkefnatímum dagana 2.-4. maí 2012 var sambærileg nemendakönnun og lýst er hér að framan lögð fyrir dagskólanema. Að þessu sinni var þó öllum samanburði á námsgreinum sleppt. Þess í stað voru nemendur spurðir út í þau verkefni sem þeir eru að fást við í skólanum og þær breytingar sem gerðar voru á verkefnatímum á spannaskilum vorannar.

Könnuninni svaraði 161 nemandi eða tæp 74% dagskólanema. Niðurstöðurnar voru sambærilegar við fyrri könnunina að nær öllu leyti. Hærra hlutfall nemenda leitaði þó eftir aðstoð kennara í verkefnatímum (44%) enda hafði aðgengi nemenda að greinakennurum aukist töluvert á milli kannana. Þeim hafði fækkað nokkuð sem töldu verkefnatíma auka sjálfstæði sitt og ábyrgð í námi en voru enn rúmur helmingur nemenda. Ánægja með skiptingu verkefnastofa eftir námsgreinum og næði hafði minnkað lítillega sem gæti skýrst af því að stórum hluta nemenda (44%) líkaði illa sú breyting sem gerð var á spannaskilum vorannar að nemendum var gert erfiðara fyrir að færa sig á milli stofa í verkefnatímum. 66% nemenda voru þó ánægð með að geta valið sér stofu/kennara í hverjum verkefnatíma. Þeim hafði fækkað niður í 48% sem töldu námsálagið meira í nýja kerfinu en því gamla. Nemendum sem töldu verkefnatíma gott fyrirkomulag hafði fækkað lítillega og þeim fjölgað sem töldu þá slæmt fyrirkomulag. Eins hafði þeim fjölgað lítillega sem töldu spannar slæmt fyrirkomulag. Rétt rúmur helmingur nemenda taldi fjölda verkefnatíma passlegan, verkefnastofurnar aðlaðandi og ekki þarfnast frekara skipulags.

Þegar nemendur voru spurðir út í þau verkefni sem þeir fást við í náminu kom í ljós að 77% nemenda töldu verkefnin frekar eða mjög lærdómsrík og 49% nemenda töldu þau áhugaverð. Aftur á móti töldu um 47% nemenda þau lítt eða ekki áhugaverð. Um þriðjungur nemenda var sammála því að verkefni hefðu breyst eftir að nýtt kerfi var tekið upp.

Þegar seinni nemendakönnunin var greind eftir kyni og námsári kom í ljós að almennt virðist námið og nýja námsfyrirkomulagið henta stelpum betur en strákuum auk þess sem nemendur á öðru námsári virtust óánægðari með nýja kerfið en aðrir nemendur. Hvort tveggja væri forvitnilegt að greina frekar m.t.t. orsaka og þess hversu marktækur munurinn er á milli kynja og námsára. Þá væri áhugavert að bera þessar niðurstöður saman við fyrri kannanir.

Í svörum nemenda við opnum spurningum um spannar og verkefnatíma mátti sem fyrr greina ákveðna tilhneigingu. Þó nokkrir nemendur vildu leggja niður spannirnar og töldu þær of stuttar, einkum fyrir tungumálanám. Nokkrir vildu fjölga bundnum tímum á kostnað verkefnatíma. Stór hópur vildi auka mætingafrelsi nemenda og margir vildu endurheimta

frelsið til þess að fara á milli verkefnatímastofa. Þá höfðu þó nokkrir orð á því að bæta þyrfti vinnufrið í verkefnatímum.

Rýnihópur nemenda

Í tengslum við innleiðingu spanna og verkefnatíma var komið á sérstökum rýnihópi nemenda sem fundaði fjórum sinnum yfir skólaárið, tvisvar á hvorri önn. Jón Ingi og Tinna héldu utan um starf hópsins og stýrðu fundum. Hópurinn samanstóð af sjö nemendum, fjórum drengjum og þremur stúlkum. Nemendur voru valdir í hópinn þannig að sem best dreifing fengist eftir námsbraut, námsári og kyni. Rýnihópsfundirnir voru teknir upp á myndband og síðan skrifaðir upp eftir bandinu. Fyrir hvern fund skilgreindu Jón Ingi og Tinna ákveðin umfjöllunarefni sem tekin voru fyrir á fundinum. Hópnum var þó frjálst að ræða önnur málefni er tengdust upplifun hans af spönnum og verkefnatímum eftir efnum og aðstæðum. Á fundunum var orðið látið ganga á milli nemenda þannig að allir fengu tækifæri til þess að tjá sig um það sem til umræðu var hverju sinni. Nemendur töluðu opinskátt um eigin reynslu af kerfinu og komu með ýmsar gagnlegar ábendingar varðandi hugsanlegar úrbætur.

Fyrsti fundurinn var haldinn 14. október 2011. Á þeim fundi kvörtuðu nemendur sáran undan verkefnaálagi. Þeim þótti erfitt að fara svona hratt af stað og töldu minna af námsefninu sitja eftir þegar hratt væri farið yfir. Þeim fannst mikill ófriður í verkefnatímum. Þeir töluðu mikið um að þeir ættu erfitt með að standast aðdráttarafl facebook-síðunnar og voru jafnvel á því að gera ætti tilraun með að loka síðunni. Þeir áttu erfitt með að fá aðstoð frá kennurum, sérstaklega í stærðfræði, enda sjaldan hjá sínum greinakennara. Þeir voru ósáttir við að fá ekki að fara úr verkefnatímum þegar þeir voru búnir með verkefnin sín og einhverjir kvörtuðu yfir því að 90 mínútna kennslustundir væru allt of langar. Þrátt fyrir ýmsa neikvæða þætti vildu flestir gefa kerfinu meiri séns þar sem bæði nemendur og kennarar þyrftu lengri aðlögunartíma.

Rýnihópurinn fundaði öðru sinni þann 11. nóvember 2011. Þá var ein spönn yfirstaðin og nemendur beðnir að gera grein fyrir upplifun sinni af nýja kerfinu, t.d. varðandi námsárangur, vinnuálag, námsmat, vinnufrið, stofuskipan og stundatöflur. Nemendur töldu breytta stofuskipan í verkefnatímum (eftir námsgreinum) til bóta og sögðu vinnufrið hafa aukist. Þeir sögðust greina mun jákvæðari viðhorf til kerfisins en áður í nemendahópnum. Strákarnir voru síður ánægðir með námsárangur sinn en stelpurnar, sérstaklega í tungumálum. Hópurinn var sammála um að spannin hentuðu tungumálum og stærðfræði einna verst og talaði um mikið vinnuálag í tungumálaáföngum og íslensku. Þau töldu lokaprófum hafa fækkað og voru ánægð með þá áfanga þar sem þau fengu að sleppa við lokapróf næðu þau tiltekinni vetrareinkunn. Þeim fannst kennarar mega vera sveigjanlegri með verkefnaskil en bentu jafnframt á mikilvægi þess að fá verkefnin fljótt til baka til þess að geta brugðist við og lært af athugasemdum kennara. Þau sögðust nota facebook mikið í verkefnavinnu og vildu því ekki láta loka síðunni. Allur hópurinn var sammála um að verkefnatímar og bundnir tímar þyrftu að vera til skiptis í stundaskrá en þannig væri það alls ekki núna.


Þriðji fundur rýnihóps var haldinn 16. mars 2012. Á þeim fundi lögðu nemendur ríka áherslu á að stundatöflugerðin yrði endurskoðuð og verkefnatímum og bundnum tímum dreift betur um töfluna. Þau sögðu erfitt að halda einbeitingu í bundnum tíma í lok dags og óskuðu þess að enda daginn frekar á verkefnatíma eða að dregið úr fyrirlestrum á þessum tíma dags. Þau vildu fá að fara úr verkefnatímum þegar verkefnavinnu væri lokið og vildu skoða mætingafrelsi í verkefnatíma. Nokkur þeirra voru afar ósátt við að hafa fengið óverðskuldaðar fjarvistir vegna þess að kennarinn hafði ekki fundið þau þegar hann ætlaði að merkja við. Þau vildu að sá möguleiki yrði skoðaður að tungumál yrðu kennd á önn. Þau hrósuðu mjög þeim áföngum þar sem ein stór verkefnaskil voru í hverri viku en sögðu jafnframt óþægilegt þegar mörg smærri skilaverkefni kæmu inn á kennsluvefinn án þess að minnst hefði verið á þau í bundnum tímum. Aðspurður taldi meirihluti hópsins erfiðara að taka námið á skemmri tíma í nýja kerfinu en því gamla. Hraðbrautarnemandi í hópnum sagði það hins vegar betra þar sem álagið dreifðist mun jafnar í spannakerfinu heldur en á önn auk þess sem auðveldara væri að koma mörgum fögum fyrir í stundaskrá á kostnað verkefnatíma. Hópurinn var sammála um að lítið svigrúm væri til þess að kafa dýpra í efnið í nýja kerfinu en skiptar skoðanir voru um hvort breyta ætti hlutfallinu á milli bundinna tíma og verkefnatíma. Allir voru sammála því að ípróttatímarnir væru allt of stuttir og að ástæða væri til þess að gera eitthvað í því.

Fyrir síðasta fund rýnihópsins þann 3. maí 2012 voru nemendur beðnir að mæta undirbúnir og gera grein fyrir sigrum sínum og sorgum á skólaárinu, viðhorfinu til þess hvort halda ætti áfram með kerfið og hvaða úrbætur væru nauðsynlegar. Nemendur voru almennt frekar jákvæðir í garð nýja kerfisins. Tveir nemendur töldu þó spannakerfið alls ekki virka sem skyldi, tíminn væri of knappur, lítið svigrúm til dýpkunar og ákveðnar námsgreinar hentuðu kerfinu illa (einkum tungumál en einnig stærðfræði). Aðrir samsinntu því en töldu það hins vegar mikinn kost að vera í fáum námsgreinum í einu. Tveir nemendur töldu verkefnatímana henta sér illa þar sem þeir þyrftu meira aðhald. Að óbreyttu sáu þeir ekki ástæðu til þess að skylda nemendur til þess að sitja í verkefnatímum og gera ekki neitt og vildu því afnema mætingaskyldu í tímana eða hafa einhvers konar mætingakvóta. Aðrir töldu verkefnatímana nýtast mjög vel en vildu sjá meiri sveigjanleika varðandi mætingu. Nemendur voru almennt á því að kennarar þyrftu að laga verkefnin að kerfinu, fækka skilaverkefnum en hafa þau stærri og meira krefjandi/dýpkandi. Þeir sem vildu gera breytingar á hlutfalli bundinna tíma og verkefnatíma vildu hafa þær hóflegar og 60/40 var það hlutfall sem helst var nefnt. Í lokin lýstu nemendur mikilli ánægju með störf rýnihópsins og töldu hann góða leið til þess að virkja nemendur. Þeir töldu jafnframt nauðsynlegt að velja nemendur í hópinn til þess að hann yrði ekki of einsleitur.

Samanburður á einkunnadreifingu


Einn liður í því að meta áhrif nýrrar námskrár þ.m.t. spanna og verkefnatíma er að fylgjast með einkunnum nemenda. Áfangastjóri gerði úttekt á einkunnadreifingu undanfarinna ára og bar þær saman við einkunnir í nýja kerfinu. Niðurstöðurnar voru kynntar á starfsdögum í vor. Athygli verkur að nýtt námskerfi virðist lítil áhrif hafa á einkunnadreifingu. Þegar einkunnir nemenda í dagskóla á síðustu haustönn í gamla kerfinu eru bornar saman við fyrstu haustönn í nýja kerfinu er kemur fram harla lítill munur (mynd 1).

Mynd 1. Samanburður á einkunnadreifingu í dagskóla á haustönn 2010 og haustönn 2011.



Þegar einkunnir fjarnema eru teknar inn í myndina virðist meðaleinkunnin hækka í nýja kerfinu á meðan hún lækkaði í gamla kerfinu (mynd 2). Út frá þessu er freistandi að álykta að hið nýja skipulag henti fjarnemendum en það þarf að rannsaka betur. Innra mats hópurinn telur því eðlilegt að stefna að því á haustönn 2012 að kanna sérstaklega viðhorf fjarnema til hins nýja námsskipulags. Úttekt áfangastjóra má nálgast í heild sinni á sameign kennara.

Mynd 2. Samanburður á meðaleinkunnum allra nemenda og nemenda í dagskóla á haustönnum 2010 og 2011.



Ytra mat á nýbreytnistarfi

Á fundum verkefnahóps um innra mat og á fundum námskrárteymis var rædd nauðsyn þess að fram færi ytra mat á nýbreytnistarfi, þ.e. spönnum og verkefnatímum. Leitað var til mögulegra rannsóknaraðila og gengið til samninga við Rannsóknastofu um þróun skólastarfs, Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Matið fór fram dagana 26.-30. mars 2012. Gerður G. Óskarsdóttir annaðist matið. Tilgangur matsins var að:

- a) Fá fram álit nemenda og kennara á kostum og göllum ofanefndra breytinga og hugmyndir þeirra um frekari úrbætur og framhald breytingastarfsins.
- b) Skoða virkni nemenda í verkefnatímum og hlutverk kennara í verkefnastofum.

Framkvæmdin var á þá lund að haldnir voru matsfundir með nemendum annarsvegar og kennurum hinsvegar. 18 nemendur og nær allir kennarar skólans tóku þátt í matinu. Að auki voru gerðar vettvangsathuganir þar sem fylgst var með verkefnatímum og bundnum tímum með áherslu á að kanna virkni nemenda („on task“-athugun). Gerður vann samantekt með athugunum sínum og sendi skólameistari öllum kennurum hana í tölvupósti. Á kennarafundi 16. apríl voru niðurstöður Gerðar kynntar og ræddar lítillega. Í samantektinni eru ýmsar breytingatillögur sem snerta m.a. námsumhverfi í verkefnastofum, spannir, verkefnatíma og bundna tíma. Brýnt er að fjalla ítarlega um niðurstöður Gerðar og nýta þær til frampróunar í skólastarfinu.

Heilsueflandi framhaldsskóli

Starfshópur um innra mat hefur verið í samstarfi við verkefnisstjórn um Heilsueflandi framhaldsskóla. Skólaárið 2011-2012 var þema verkefnisins næring. Á vorönn 2011 var gerð viðamikil könnun á næringu og matarvenjum nemenda. Leitast var við að greina heildarástand en einnig var athugað hvort munur væri á neysluvenjum eftir kyni og aldri. Á vorönn 2012 var könnunin endurtekin með smávægilegum breytingum. Tilgangur hennar er að kanna hvort verkefnið Heilsueflandi framhaldsskóli hafi skilað breytingum á matarvenjum nemenda. Úrvinnslu seinni könnunarinnar er ekki lokið. Fyrsta skoðun bendir þó til þess að lítil breyting hafi orðið á neysluvenjum nemenda á milli ára.

Umbætur á verkefnatímum á skólaárinu

Eins og fyrr segir var kennslustundum skipt í bundna tíma og verkefnatíma í tiltölulega jöfnum hlutföllum í vetur. Því þótti brýnt að fylgjast með framgangi verkefnatímanna og mat innra mats hópurinn virkni nemenda í tímunum með ýmsum hætti, s.s. rýnihópi nemenda, matsfundi kennara, nemendakönnun og kennarakönnun. Á hverjum spannskilum voru gerðar umbætur á verkefnatímunum og byggðu þær að stórum hluta á gögnum sem innra mats hópurinn safnaði.

Þegar kennsla hófst haustið 2011 var enginn greinarmunur gerður á verkefnatímamótum og bæði kennarar og nemendur völdust á handahófskenndan hátt í stofur. Á spannskilum í október var rýmum hins vegar skipt eftir námsgreinum og „andrúmslofti“, þannig að ein stofa var helguð raungreinum, önnur tungumálum, þriðja hópvinna, fjórða var kyrrðarrými og bóksafnið var að mestu helgað íslensku og sögu. Kennurum var skipað í rýmin í samræmi við þessa skiptingu en eftir sem áður röðuðust nemendur á handahófskenndan hátt í stofur.

Um áramót var gerð sú breyting að nemendur völdu sjálfir verkefnastofur fyrir spönnina. Sá böggull fylldi þó skammrifi að tímarnir héngu þrír og þrír saman í blokkakerfi stundatöflunnar. Nemandi sem valdi stofu 24 hjá enskukennaranum sínum kl. 9 á mánudegi sat því uppi með að mæta einnig í stofu 24 kl. 9 á miðvikudegi og föstudegi þótt aðrir kennarar væru í stofunni í þeim tímum. Nemendum var þó heimilt að færa sig á milli stofa til að hitta þá kennara sem þörf var á hverju sinni.

Á seinni spannskilum vorannar voru blokkirnar teknar í sundur og nemendum gafst kostur á að velja sér stofu í hverjum og einum 90 mínútna verkefnatíma. Fyrir vikið gátu þeir staðsett sig hjá sínum kennurum í langflestum tilvikum. Samhliða þessu voru settar reglur sem ætlað var að draga úr flakki nemenda á milli verkefnastofa.

Í gögnum sem innra mats hópurinn hefur safnað frá kennurum og nemendum hafa komið fram ýmsar hugmyndir um útfærslu verkefnatíma, s.s. breytt hlutföll milli bundinna tíma og verkefnatíma, skipulagstíma í upphafi viku til að skipuleggja verkefnatíma vikunnar, mætingafrelsi í verkefnatímum og betri dreifingu verkefnatíma og bundinna tíma í stundatöflu. Nú á vordögum þarf að taka ákvarðanir um fyrirkomulag stundatöflu og verkefnatíma fyrir næsta vetur, m.a. með hliðsjón af þessum gögnum.

Næstu verkefni

Að loknu yfirstandandi skólaári er þróunarverkefnið um innleiðingu nýrrar námskrár og spanna- og verkefnatíma hálfnað. Mikilvægt er að áfram verði unnið markvisst að rannsóknum á nýja kerfinu og brugðist við niðurstöðum ef ástæða er til. Í fylgiskjali 1 eru sett fram drög að verkefnaáætlun innra mats fyrir næsta skólaár.

Lagt er til að rýnihópur nemenda starfi áfram með sama eða líku fyrirkomulagi og í vetur. Það er mikilvægt að vettvangur sá sem komið var á fót í upphafi síðastliðinnar haustannar haldi áfram. Nemendur sem skipuðu rýnihópinn tóku hlutverk sitt alvarlega og fundu til ábyrgðar. Áfram þarf að mæla almenn viðhorf nemenda til skólans og breytinganna og lagt til að viðhorfamælingar meðal nemenda verði með svipuðu sniði og í vetur. Í þeim tveimur könnunum sem gerðar voru í vetur á viðhorfum nemenda kom fram ákveðin sérstaða í niðurstöðum 2. árs nemenda einkum drengja. Leita þarf nánari skýringa á þessu og bregðast við á viðeigandi hátt. Hugsanlega gætu nemendabjónustan og IM – hópur tekið þetta mál upp á haustdögum og leitað umbóta.

Í drögum að verkefnaáætlun er gert ráð fyrir viðhorfakönnun meðal kennara við lok síðari vorskannar. Lagt er til að um verði að ræða nokkuð umfangsmikla könnun á þróunarverkefninu, einhverskonar lokamat. Mjög æskilegt er að starfsmannaviðtöl fari fram næsta skólaár. Á lokadögum í vor var rætt um að skima viðhorf foreldra til skólans og hvernig þeir upplifa breytingarnar. IM – hópurinn leggur til að í samstarfi við foreldrafélagið verði rætt og skipulagt með hvaða hætti mögulegt er að draga fram viðhorf foreldra.

Það er álit IM- hóps að heppilegt sé að matsfundir kennara fari fram í smáum hópum (5-6 manna hópum). Hugsanlega má tengja þá kennarafundum. Umræðuefni verði skýr og markviss og strax að loknum fundum verði niðurstaðan rædd og hvort æskilegt sé að grípa til ráðstafana.

Talsvert hefur verið um það rætt á fundum að skilgreina þurfi ásættanleg viðmið varðandi niðurstöður viðhorfakannana. Ef slík viðmið eru skilgreind fyrirfram þar sem það er mögulegt er ljóst að gerð umbótatillagna í kjölfar viðhorfamælinga verður auðveldari. Þetta þarf að ræða á vettvangi yfirstjórnar skólans. Það er markmið IM – hópsins að þegar niðurstöður rannsókna kalla á umbætur, þá sé gripið til þeirra eins fljótt og kostur er.

Að lokum þakkar IM – hópur nemendum, kennurum, áfangastjóra og skólameistara samstarfið á skólaárinu.

Arnar Sigbjörnsson

Tinna Kristbjörg Halldórsdóttir

Helga Jóna Jónasdóttir

Jóney Jónsdóttir

Jón Ingi Sigurbjörnsson, verkefnisstjóri

Sigrún Hrafnisdóttir

Drög að verkefnaáætlun IM skólaárið 2012-2013

- Rýnihópur nemenda
- Nemendakannanir (viðhorf til spanna og verkefnatíma)
- Viðhorf fjarnema (viðhorf til spanna)
- Foreldrakönnun, leitað samráðs við foreldrafélag (viðhorf til breytinga)
- Matsfundir kennara – litlir hópar á kennarafundum
- Viðhorfskönnun meðal kennara (viðhorf til spanna og verkefnatíma- samanburður)
- Tölfræðiúttektir – einkunnadreifing/fjarvistir/brottfall

Sept.	Okt.	Nóv.	Des.	Jan.	Feb.	Mars	Apr.	Mai
Rýnihópur nemenda		Rýnihópur nemenda Nemenda-könnun		Viðhorf fjarnema	Rýnihópur nemenda	Foreldra-könnun	Rýnihópur Nemenda Nemenda-könnun	Viðhorfs-könnun meðal kennara Tölfræðiúttekt Samantekt